

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. febrúar 2018 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-53/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 12. júlí 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi greiði viðgerðarkostnað.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 12. júlí 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 18. júlí 2017. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 9. febrúar 2018, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Skoda Fabia, árgerð 2012, í júlí árið 2013 fyrir 1.780.000 krónur. Álitsbeiðandi segir að á fyrri mánuðum ársins 2017 hafi tímakedja bifreiðarinnar bilað ásamt ABS kerfinu og öðrum hlutum. Lét álitsbeiðandi gera við bifreiðina og var kostnaðurinn að fjárhæð tæplega 400.000 krónur að sögn álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda og rætt við starfsmann símleiðis þar sem ábyrgð á viðgerðinni var hafnað þar sem bifreiðin sé aðeins í ábyrgð í tvö ár. Álitsbeiðandi segist geta sætt sig við að greiða fyrir eðlilegt viðhald en ekki kostnað vegna vélabilunar þegar bifreiðin er tæplega fimm ára gömul, keyrð 85.000 km. og hefur ávallt verið vel við haldið. Telur álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið haldin galla frá upphafi og krefst endurgreiðslu frá seljanda vegna þriggja framlagðra reikninga samtals að fjárhæð 257.334 krónur. Um ræðir tvo reikninga frá 17. febrúar 2017, sá fyrri að fjárhæð 143.742 krónur vegna viðgerðar á tímakedju auk smurþjónustu og sá seinni að fjárhæð 45.681 krónur vegna viðgerðar við háspennukefli og kerti. Þá krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á reikningi frá 3. apríl 2017 að fjárhæð 129.670 krónur vegna viðgerðar á ABS bremsukerfi.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að bifreiðin hafi verið seld með 24 mánaða ábyrgð. Starfsmaður seljanda kveðst ekki muna „á hvaða stigi málið var þegar hringt var“ og segir seljanda almennt ekki gefa svör um ábyrgðarmál fyrr en búið sé að skoða hvers eðlis málið er samkvæmt mati sérhæfðra viðgerðaraðila. Ef viðgerð hefur þegar farið fram segir seljandi að hann geti ekki komið til móts við eigendur bifreiða þar sem það sé forsenda fyrir seljanda að kvörtun berist til hans áður en viðgerð er framkvæmd og seljandi fái aðstöðu til að skoða málið.

Seljandi bendir á að í reikningi sem er meðfylgjandi álitsbeiðni, vegna viðgerðar á tímakedju vélar og ABS skynjara í hemlakerfi, komi ekki fram nafn viðgerðaraðila eða hvert ástand bifreiðarinnar hafi verið þegar þessi viðgerð fór fram. Þá sé ekki ljóst hvers vegna skipt

var um kerti og háspennukefli þar sem villan sem er skráð á nótuna bendi til misræmis milli knastáss og sveifaráss en ekki villu á kerti og háspennukefli.

Á öðrum reikningi frá tilteknu verkstæði sama dag komi fram að vél bifreiðarinnar hafi verið „komin yfir á tíma“ en ekki sé ljóst hver orsök þess sé og hvort búið var að þjónusta bifreiðina í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda. Þá liggi ekki fyrir gögn sem sýni fram á að vélin hafi verið farin yfir á tíma né mælingar á sliti í tímakeðju eða ástandi olíu sem geti haft mikil áhrif á strekkingu keðjunnar.

Í þriðja reikningnum sem er meðfylgjandi álitsbeiðni kemur fram að skemmd hafi verið á leiðslum fyrir ABS og þær hafi verið lagaðar en seljandi bendir á að ekki komi fram hvað var að skynjaranum sjálfum eða hvers vegna var skipt um hann né hver ástæða fyrir skemmdum á vírum eða hver frumorsökin var í málinu. Þá bendir seljandi á að „aðeins helmingur kostnaðar reikningsins er vegna ABS kerfis.“ Seljandi hafnar bótakröfu í málinu með vísan til framangreindra atriða.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 í júlí árið 2013 en bifreiðin var nýskráð 8. maí 2012. Tæplega fimm árum eftir að bifreiðin var nýskráð og fjórum árum eftir að álitsbeiðandi festi kaup á henni varð álitsbeiðandi að ráðast í viðgerðir á bifreiðinni sem hann krefst þess að seljandi endurgreiði sér, samtals að fjárhæð 257.334 krónur. Viðgerðirnar fóru fram í febrúar 2017 annars vegar og í apríl 2017 hins vegar en álitsbeiðandi byggir á því að um galla sé að ræða vegna bilunar á tímakeðju, háspennukefli, kerti og viðgerðar á ABS bremsukerfi.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mælir fyrir um tilkynningarfreft vegna galla á söluhlut. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er freftur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Freftir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Telja verður að bifreiðum sé í flestum atriðum ætlaður lengri endingartími en gildir um söluhluti almennt og því geti fimm ára tilkynningarfreftur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. átt við ef gallar koma upp í bifreiðum og tilkynnt er um þá innan freftsins. Þá álitur kæruneftndin að álitsbeiðanda sé unnt að byggja á kröfu þeirri sem upphaflegur kaupandi bifreiðarinnar hafði gagnvart seljanda samkvæmt 35. gr. nkpl. og því geti fimm ára tilkynningarfreftur átt við í málinu, sbr. 3. mgr. 35. gr. nkpl.

Sú skylda hvílir hins vegar á álitsbeiðanda að sýna fram á að bifreiðin hafi verið haldin galla við upphaflega sölu hennar svo fallist verði á kröfu hans um endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði vegna galla. Almennt verður að telja að reglulegt viðhald sé nauðsynlegt vegna þeirra atriða sem álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði vegna, þ.e. tímakeðju, háspennukefli, kertum og á bremsum þó fimm ár sé nokkuð skammur endingartími

miðað við eðlilega notkun og 85.000 km. akstur. Ber álitsbeiðanda því einnig að sýna fram á að ekki sé um eðlileg slit að ræða vegna notkunar í fimm ára gamalli bifreið. Þrátt fyrir að bifreiðar og helstu aukahlutir þeirra eigi almennt að endast í lengri tíma en tvö ár þá getur endingin farið verulega eftir notkun og viðhaldi bifreiðar hverju sinni. Álitsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á það í máli þessu að bifreiðin hafi í raun verið haldin galla við upphaflega sölu hennar árið 2012 sem hafi orðið til þess að margvísleg atriði bifreiðarinnar þörfuðust viðhalds eða viðgerða tæplega fimm árum síðar. Þar sem sönnunarbyrði í þessum efnum hvílir á álitsbeiðanda getur nefndin ekki fallist á kröfu hans í máli þessu, enda liggur ekki fyrir að bifreiðin hafi verið haldin galla frá upphafi.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson